

## Aðalfundur SNS – Samtaka náttúrustofa

haldinn 29. sept. 2022 í Borgarnesi

Róbert Arnar Stefánsson fundarstjóri  
Starri Heiðmarsson fundarritari

Forstöðumenn flestra náttúrustofa mættu á fundinn en einnig var hann setinn af mörgum starfsmönnum þeirra. Fráfarandi gjaldkeri, Kristín Hermannsdóttir gjaldkeri SNS sat sömuleiðis fundinn en alls var fundarfólk 16 talsins.

Eftirfarandi forstöðumenn voru mættir:

Róbert Arnar Stefánsson, Náttúrustofu Vesturlands, meðstjórnandi í stjórn SNS 2022  
Sigurður Halldór Árnason, Náttúrustofu Vestfjarða  
Starri Heiðmarsson, Náttúrustofu Norðurlands vestra  
Þorkell Lindberg Þórarinsson, Náttúrustofu Norðurlands eystra, ritari í stjórn SNS 2022  
Lilja Jóhannesdóttir, Náttúrustofu Suðausturlands  
Erpur Snær Hansen, Náttúrustofu Suðurlands  
Sindri Gíslason, Náttúrustofu Suðvesturlands  
Kristín Ágústsdóttir, Náttúrustofu Austurlands, boðaði forföll, formaður í stjórn SNS 2022

### 1. liður. Skýrsla stjórnar.

Erpur fór í stuttu máli yfir skýrslu stjórnar fram að áramótum 2021-2022. Róbert fór síðan yfir starfsskýrslu núverandi stjórnar til dagsins í dag sem fylgir hér:

Um áramótin 2021/2022 gekk Erpur Snær Hansen (Náttúrustofu Suðurlands) formaður úr stjórn og inn kom Kristín Ágústsdóttir (Náttúrustofu Austurlands). Fyrir í stjórn voru Aðalsteinn Örn Snæþórsson (Náttúrustofu Norðausturlands) að hefja sitt 2. ár og Róbert A. Stefánsson (Náttúrustofu Vesturlands) að hefja sitt 3. ár. Til stóð að Aðalsteinn Örn yrði formaður árið 2022, en vegna forstöðumannaskipta á Náttúrustofu Norðausturlands kom Þorkell Lindberg Þórarinsson inn í hans stað. Stjórn kom sér saman um að Kristín Ágústsdóttir yrði formaður árið 2022, en að Þorkell Lindberg yrði formaður árið 2023.

Kristín Hermannsdóttir forstöðumaður Náttúrustofu Suðausturlands hefur gengt stöðu gjaldkera SNS um langt skeið. Frá því snemma árs 2022 var ljóst að hún myndi láta af störfum fyrir Náttúrustofu Suðausturlands og þar með sem gjaldkeri SNS. Hún lét af störfum í lok mars sl. hjá Náttúrustofu Suðausturlands, en gegndi engu að síður hlutverki gjaldkera SNS fram að aðalfundi SNS 2022. Stjórn SNS vill nota tækifærið og þakka Kristínu H. gott samstarf í gegnum tíðina.

Ný stjórn hóf fundahöld af krafti og hefur fram til 29. september fundað fimm sinnum og tvisvar var haldinn fundur forstöðumanna allra náttúrustofanna. Allir fundir voru haldnir í tölvu.

Mest orka stjórnar SNS á árinu hefur farið í að undirbúa sameiginlegan ársfund NÍ og Náttúrustofuþing sem haldið var í Borgarfirði þann 28. september 2022. Upprunalega stóð til að Náttúrustofuþing yrði haldið í Bolungarvík síðustu viku september 2022. En eftir vel heppnaðan sameiginlega fund NÍ og þeirra starfsmanna náttúrustofa sem sinntu vöktun verndarsvæða árið 2021 kom upp sú hugmynd að efna í fyrsta sinn til sameiginlegs fundar allra starfsmanna NÍ og náttúrustofa. Var það verkefni unnið í samvinnu við Lilju Víglundsdóttur hjá NÍ. Vegna þessa var Náttúrustofuþingi í Bolungarvík frestað. Miðað hefur verið við að náttúrustofuþing séu haldin annað hvert ár og því má gera ráð fyrir að næsta þing verði haldið í Bolungarvík árið 2024.

Ein umsögn var unnin á tímabilinu, en það var Umsögn um frumvarp matvælaráðherra til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni), 152. löggjafarþing 2021-2022, þingskjal 490, 350. mál. Í framhaldi af þeirri umsögn var óskað eftir að fulltrúar SNS fylgdu umsögninni eftir á fjarfundi í Atvinnuveganefnd Alþingis. Róbert Arnar Stefánsson og Kristín Ágústsdóttir fóru á þann fund f.h. SNS.

Í skýrslu fráfarandi stjórnar á síðasta aðalfundi í apríl 2021 var bent á að ekki hefði enn verið komið á laggirnar samráðsnefnd um náttúrustofur eins og kveðið var á um í „nýjum“ rekstrarsamningi frá árinu 2019. Í rekstrarsamningum sveitarfélaga og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins (nú umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið), sem tóku gildi 2019, er kveðið á um samráðsnefnd um náttúrustofur. Ráðuneytið, fer með formennsku í nefndinni og enn hefur ekki verið boðað til fundar, sem þó átti að gera að lágmarki tvisvar á ári skv. rekstrarsamningunum. Samtök náttúrustofa og einstaka náttúrustofur hafa gagnrýnt að ekki hafi verið boðað til fundar í nefndinni. Stjórn SNS 2022 hefur einnig spurst fyrir um málið með óformlegum hætti, en engin svör hafa borist.

Líklega er kröftum SNS betur varið í að vekja athygli á og hvetja til að nýr rekstrarsamningur verði unninn á árinu 2023, minnug þess að nokkuð langan tíma tók að vinna síðustu samninga.

Síðastliðin tvö rekstrarár hafa náttúrustofur fengið aukaframlag á fjárlögum sem rekja má til aðgerða ríkisins vegna Covid 19, en bréf var sent til fjárlaganefndar á sínum tíma þar sem skýrt var dregið fram af hverju ætti að veita náttúrustofum aukafjármagn. Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir hækkun á framlagi síðasta árs, en ekki er gert ráð fyrir viðbótarframlagi. Mikilvægt er að SNS sendi inn erindi til fjárlaganefndar með hugmyndum að beinhörðum verkefnum og/eða rökstuðningi fyrir aukafjárveitingu fyrir rekstrarárið 2023 eins og verið hefur sl. tvö ár.

– fundurinn samþykkti skýrslu stjórnar

## **2. liður. Afgreiðsla reikninga.**

Fráfarandi gjaldkeri, Kristín Hermannsdóttir fór yfir reikninga ársins 2021. Umræður spunnust um reikningana og efnahagsstöðuna enda til staðar u.þ.b. ein milljón á reikningi félagsins. Reikningar voru bornir upp og samþykktir samhljóða.

## **3. liður. Lagabreytingar**

Engar lagabreytingar fyrirbyggjandi.

#### 4. liður. Kosning stjórnar og gjaldkera.

Róbert gengur úr stjórn um áramót og þá verður Þorkell Lindberg NNA formaður, Kristín Ágústsdóttir NA situr áfram í stjórn og nýr kemur inn Starri Heiðmarsson NNV. Breytingar á stjórn eru í samræmi við þær reiknireglur sem unnið hefur verið eftir varðandi stjórnarsetu forstöðumanna. Tillaga um nýja stjórn árið 2023 borin upp og samþykkt samhljóða.

Kristín Hermannsdóttir lét af gjaldkeraembætti og í hennar stað var kosinn Sindri Gíslason NSV.

#### 5. liður. Skýrslur vinnuhópa og fulltrúa í nefndum.

##### a. Skýrsla vinnuhóps um ágengar tegundir (Menja, Sindri og Róbert)

Þrenningin tekur þátt í ýmsum alþjóðlegum og innlendum samstarfsverkefnum um ágengar tegundir. Þar á meðal mynda þau íslenskan hluta norræns hóps sérfræðinga um ágengar tegundir, sem hefur unnið að því að taka saman til birtingar gögn um stöðu mála á Norðurlöndum. Vísindagrein um efnið var mjög nýlega samþykkt til birtingar.

Einnig taka þau virkan þátt í starfi íslensks sérfræðingahóps um ágengar tegundir (ÍSÁT). Í hópnum sitja, auk þeirra Menju, Róberts og Sindra, þau Kristín Svavarsdóttir, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Ása Aradóttir, Pawel Wasowicz, Snorri Sigurðsson, Guðmundur Halldórsson og Halldór Pálmar Halldórsson. Hópurinn fékk á árinu 2 milljóna kr. styrk frá RSPB fyrir tilstilli Menju til að framkvæma áhættumat á helstu framandi tegundum sem notaðar eru í skógrækt og taka saman grein um stöðu skógræktar m.t.t. náttúruverndar á Íslandi. Verkefnið er í vinnslu en þyrfti helst að ljúka á þessu ári. Pawel Wasowicz leiðir skógræktarverkefnið en Menja leiðir almennt starf ÍSÁT.

Þá stundar þrenningin ýmsar rannsóknir á framandi tegundum. Sindri með áherslu á sjávartegundir en Róbert og Menja með áherslu á mink og ágengar plöntur.

##### b. Samráðshópur um endurskoðun laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum (Menja).

Ekkert hefur gerst í þessu máli frá síðasta aðalfundi SNS. Frumvarp var lagt fram á Alþingi þann 30.11. 2020 og fór síðan til meðferðar hjá umhverfis- og samgöngunefnd. Bæði Menja og SNS skiluðu inn umsögnum til nefndarinnar, en frestur til þess rann út 09.02.2021. Samkvæmt upplýsingum á vef Alþingis virðist nefndin hafa tekið málið til umfjöllunar á tveim fundum, síðast 9.3. 2021, en enginn virðist hafa verið boðaður í viðtöl. Óljóst er hvað verður um þetta frumvarp.

##### c. Samfélagsmiðlahópur (Áslaug) Lítil virkni hefur verið í facebook hópi Náttúrustofa.

d. Sjófuglahópur (Lindi). Hópurinn fundaði á árlegum bjargfuglafundi þann 29. mars sl. Auk þess talsvert um samskipti milli náttúrustofa vegna bjargfuglavöktunar, sem byggir á samstarfi náttúrustofa. Í samningi Náttúrustofu Vestfjarða við umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið um fuglavöktun á Vestfjörðum er gert ráð fyrir aukinni aðkomu

stofunnar að bjargfuglavöktun á Vestfjörðum. Unnið er að því í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands sem fer með verkefnisstjórn á vöktun bjargfugla á landsvísu.

e. **Vatnshlotshópur (Sindri)**. Enginn fundur á þessu ári.

f. **Fagrað um náttúruminjaskrá (Stella)**. Einn fundur haldin á vormánuðum, varðandi C-hlutann. Mörg svæði sem koma til greina enda öll gamla náttúruminjaskráin undir og eðlilegt að náttúrustofurnar komi að málum, hver á sínu svæði.

g. **Samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar (Hálfván)** – Nefndin hefur ekki verið mjög virk undanfarið ár. Helsta verkefnið er að taka út vöktunaráætlanir sem fjármagnaðar eru af Veiðikortasjóði. Lilja Jóhannesdóttir var kjörin varamaður í stað Kristínar Hermannsdóttur.

h. **Mófuglahópur**. Engin formleg vinna önnur en sú sem tengdist faghópi fugla um vöktun á náttúruverndarsvæðum. Mófuglavöktun er þar nú meðal verkefna og orðin nokkuð umfangsmikil á landsvísu, með aðkomu flestra náttúrustofa auk NÍ.

i. **Fiðrildahópur (Aðalsteinn)**. Umræða um útbúnað en fyrirliggjandi er að skipta þurfi um perur vegna breytinga á framleiðslu og því þurfi að skipta yfir í LED-perur. Kominn er tími á stöðufund í hópnum.

#### 6. liður. Kosning skoðunarmanna reikninga.

Áslaug Lárusdóttir og Guðrún Óskarsdóttir endurkjörnar.

#### 7. liður. Ákvörðun um árgjöld og/eða önnur framlög.

Lagt var til að fella niður árgjald til SNS vegna ársins 2022 og það samþykkt.

#### 8. liður. Önnur mál.

Stefnt er að minni fundi hjá náttúrustofum fyrir forstöðumenn árið 2023 en stóran fund á Bolungavík 2024.

Heimasíðumál SNS rædd og reifuð. Innihald síðunnar og uppfærsla hennar rædd.

Fundi slitið 11:45.


Róbert Arnar Stefánsson

Sigurður Halldór Árnason


Þorkell Lindberg Þórarinsson

Starri Heiðmarsson

Lilja Jóhannesdóttir



Erpur Snær Hansen



Sindri Gíslason

